






VR maí 2018

Umbrot/útlit: Tómas Bolli Hafþórsson

Hönnun kápu: Hvíta húsið



FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018

Fyrirtæki ársins 2018 eru fimmtán talsins. Í hópi stórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru fimmtíu eða fleiri, eru það **dk hugbúnaður**, **Johan Rønning**, **Nordic Visitor**, **Pipar/TBWA** og **Sjóvá**. Í hópi millistórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru 20 til 49 talsins, eru vinningshafarnir **Áltak**, **Cyren**, **Expectus**, **Fulltingi** og **Margt smátt**. Og í hópi lítilla fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru færri en tuttugu, eru það **Attentus - mannauður** og **ráðgjöf**, **Beiersdorf**, **Eirvík**, **Microsoft Ísland** og **Rafport**. Öll þessi fyrirtæki skara fram úr að mati starfsmanna þeirra og eru vel að titlinum komin.

Árleg könnun VR á Fyrirtæki ársins er send til félagsmanna og fjölda annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði en 138 fyrirtæki tryggðu öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni í ár, óháð stéttarfélagsaðild. Af þeim komust 130 á lista yfir fyrirtæki ársins – eða 66% af heildarfjölda fyrirtækja - en ekki náðist lágmarkspátttaka hjá hinum fyrirtækjunum. Einungis fyrirtæki sem bjóða öllum starfsmönnum sínum að taka þátt í könnuninni koma til greina í valinu á Fyrirmyndarfyrirtæki eða Fyrirtæki ársins.

Markmiðið með könnuninni er að leita upplýsinga um viðhorf starfsmanna á vinnumarkaði til aðbúnaðar á sínum vinnustað. En könnunin er jafnframt vettvangur starfsmannanna til að segja stjórnendum hvað vel er gert og hvað betur má fara. Í ár fá fimm efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki titilinn Fyrirtæki ársins 2018 en fimmtán í hverjum stærðarflokki fá titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki. Sjá umfjöllun og lista yfir fyrirtækin í næstu síðum.



FRÁ EINU FYRIRTÆKI ÁRSINS TIL FIMMTÁN

Valið á Fyrirtæki ársins hjá VR á sér langa sögu. Í maí 1998 tilnefndi VR í fyrsta skipti Fyrirtæki ársins – eitt fyrirtæki – þar sem valið byggði á niðurstöðum könnunar meðal félagsmanna. Árið áður hafði félagið kynnt Fyrirtæki ársins fyrir árið 1996, en þá var eitt fyrirtæki valið á grunni kjaravísitölu sem byggði á greiningu á starfsmannaveltu og launakjörum. Það eru því rúmir tveir áratugir síðan VR hóf þá vegferð sem nú skilar fimmtán fyrirtækjum viðurkenningunni **Fyrirtæki ársins 2018** og fjörutíu og fimm fyrirtækjum alls nafnbótinni **Fyrirmyndarfyrirtæki 2018**.

ÞÁ OG NÚ

Árið 1998 var stutt könnun lögð fyrir 1.500 manna úrtak félagsmanna. Eingu voru valin fyrirtæki þar sem störfuðu 15 eða fleiri félagsmenn VR. Í dag er slíkt lágmark ekki notað. Nú hafa allir félagsmenn tækifæri til að taka þátt, óháð fjölda félagsmanna hjá fyrirtækinu enda orðið mjög algengt að fyrirtæki óski eftir því að allir starfsmenn fái þátttökurétt í könnuninni. Árið 2018 náði könnunin til um 34 þúsund starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Alls bárust hátt í þrettán þúsund svör.

Á þeim tíma sem liðinn er hefur könnunin sjálf tekið breytingum. Árið 1998 voru spurningarnar tíu og könnunin var gerð í síma. Í ár eru spurningarnar 18, margar í nokkrum liðum, og könnunin er eingöngu rafræn. Auk þess fá fullgildir félagsmenn nú senda launakönnun á sama tíma. Frá árinu 2004 hafa spurningarnar um fyrirtæki ársins verið samanburðarhæfar og því hægt að bera saman stöðu fyrirtækja yfir fimmtán ára skeið.

ÞVÍ FLEIRI, ÞVÍ BETRA

Árið 2003 var tekin sú ákvörðun að bjóða fyrirtækjum að allir starfsmenn gætu tekið þátt í könnuninni, ekki eingöngu félagsmenn VR. Frá þeim tíma hafa æ fleiri fyrirtæki tekið þá ákvörðun að tryggja öllum starfsmönnum sínum þátttöku, það á við um 66% fyrirtækja sem komast inn á lista yfir fyrirtæki ársins í ár. Möguleikinn á þátttöku alls starfsfólks eykur notagildi könnunarinnar. Því fleiri sem taka þátt því betur endurspeglar niðurstöðurnar afstöðu allra starfsmanna, ekki eingöngu félagsmanna VR. Þetta á einkum við um stærri fyrirtæki með fjölbreytta starfsemi og fjölbreyttan hóp starfsmanna.

NÚ ERU FYRIRTÆKI ÁRSINS FIMMTÁN

Í upphafi var fyrirtæki ársins aðeins eitt. Árið 2001 tók VR þá ákvörðun að skipta fyrirtækjum í tvo stærðarflokka, minni fyrirtæki þar sem starfsmenn eru færri en fimmtíu talsins og stærri fyrirtæki þar sem starfsmenn eru fimmtíu eða fleiri. Tvö Fyrirtæki ársins voru valin, eitt í hvorum stærðarflokki. Árið 2012 urðu stærðarflokkarnir þrír, áfram miðar stærsti flokkurinn við starfsmannafjöldann fimmtíu eða fleiri en minni fyrirtækjum er skipt í tvo flokka og er skurðpunkturinn tuttugu starfsmenn. Enn var hins vegar valið eitt Fyrirtæki ársins í hverjum stærðarflokki.

Í dag eru Fyrirtæki ársins fimm í hverjum stærðarflokki fyrir sig. Fyrirtækin sem eru í fimmtán efstu sætunum í hverjum stærðarflokki fá að auki nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki. Einöngu fyrirtæki sem tryggja öllum starfsmönnum þátttökurétt koma til greina í vali á Fyrirmyndarfyrirtæki og Fyrirtæki ársins.

VR telur mikilvægt að veita fyrirtækjum sem búa starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi viðurkenningu. Þessi viðurkenning er veitt á grundvelli upplýsinga frá starfsmönnum fyrirtækjanna og er mikilvægt að hafa það í huga. Könnunin tekur til fjölmargra þátta í starfsumhverfi fyrirtækja og er mikilvægur mælikvarði á gæði stjórnunar, samskipta og aðbúnaðar á vinnustaðnum.

Fyrirmyndarfyrirtæki og ekki síst Fyrirtæki ársins eru fyrirtæki sem náð hafa framúrskarandi árangri í mannauðsmálum. Niðurstöður könnunarinnar eru mælikvarði sem fyrirtækin getað skoðað ár frá ári. Það er mikilvægt að sjá þróunina í mannauðsstjórnun og meta árangurinn af þeim aðgerðum sem gripið er til þegar niðurstöðurnar sýna að þörf er á breytingum. Könnunin veitir aðhald, öllum til hagsbóta.

ALLIR GETA VERIÐ MEÐ

Í tveimur af hverjum þremur fyrirtækjum á lista yfir Fyrirtæki ársins 2018 – eða 66% fyrirtækja - fá allir starfsmenn tækifæri til að taka þátt í könnuninni, burtséð frá því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Þessi fyrirtæki eru merkt með * í listum í blaðinu. Að auki buðu átta fyrirtæki til viðbótar öllum sínum starfsmönnum þátttöku, en náðu ekki lágmarkssvörun sem þarf til að niðurstöðurnar séu birtar.

Í rúmlega fimmtán ár hefur VR boðið fyrirtækjum að allir starfsmenn geti tekið þátt í könnuninni, óháð stéttarfélagsaðild. Æ fleiri fyrirtæki tryggja öllum starfsmönnum sínum þátttökurétt enda mikilvægt að raddir allra starfsmanna heyrir.

Við viljum líka benda á að í mörgum fyrirtækjum á listunum er mikill meirihluti, ef ekki allir starfsmenn, í VR, þó að þau fyrirtæki séu ekki merkt sérstaklega.

Einungis fyrirtæki sem tryggja öllum sínum starfsmönnum rétt til þátttöku, með því að senda félaginu beiðni þar að lútandi, koma til greina sem fyrirtæki ársins eða fyrirmyndarfyrirtæki. Stjórnendur eitt þúsund fyrirtækja á íslenskum vinnumarkaði fengu í upphafi árs sendan kynningarbækling frá VR þar sem þessi möguleiki var kynntur. Við vonum að sem flestir sjái sér hag í því að bjóða öllum starfsmönnum þátttöku og fyrirtækin verði enn fleiri á næsta ári.

EFTIRTALIN FYRIRTÆKI Á LISTUM ÁRSINS YFIR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018 BUÐU ÖLLUM STARFSMÖNNUM ÞÁTTTÖKU – ALLS 130 FYRIRTÆKI.

1819 - Nýr valkostur	Fastus	Kilroy Iceland	Sjónlag
1912	Félagsstofnun stúdenta	Kortapjónustan	Sjóvá
66° Norður	Fjárstoð	KPMG	Skeljungur
A4/Egilsson	Frakt	Kraftvélar	Sláturfélag Suðurlands
Activity Stream	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Libra	Sportís
Allianz á Íslandi	Fulltingi	Lífeyrissjóður verzlunarmanna	Stoð stoðtækjasmíði
Alþýðusamband Íslands	Garri	Ljósið	Strikamerki
Annata	Gildi lífeyrissjóður	LS Retail	Tandur
Artasan	Globus	Lögheimtan	Tempo Software
Attentus - mannauður og ráðgjöf	Go North	Margt smátt	Tengi
Áltak	Halldór Jónsson	Medor	Terra Nova Sól
Árnason Faktor	Hapdrætti Háskóla Íslands	Microsoft Ísland	TRS
Ásbjörn Ólafsson	Harðviðarval	Miðlun	Tryggingamiðstöðin
Beiersdorf	Harpa	Motus	TVG Zimsen
Birta lífeyrissjóður	Háskólinn Bifröst	Netorka	Vaðvík
Birtingahúsið	Heilsa	Nordic Visitor	Vaki fiskeldiskerfi
Bílaleiga Flugleiða (Hertz)	Hekla	Northern Light á Íslandi	Valka
Bílaumboðið Askja	Hringdu	Nova	VB landbúnaður
BL	Hugsmiðjan	Olíuverzlun Íslands	Veritas Capital
Bókhald og uppgjör	Hvíta húsið	Opin kerfi	Verslunartækni
CCP	Höldur	Origo	VIRK
Centerhotels	Iceland Pro Travel	Parlogis	Vistor
Controlant	Icelandair Cargo	Pipar/TBWA	VÍS
CP Reykjavík	Icepharma	PwC	Vodafone
Cyren	IÐAN - fræðslusetur	Rafport	Vogabær
Deloitte	Iðmennt / Iðnú	Rammagerðin	VSÍ verkfræðistofa
Distica	IKEA	Rauði kross Íslands	Vörður tryggingar
dk hugbúnaður	Ísaga	Rekstrarfélag Kringlunnar	Wedo - Heimkaup
Egill Árnason	Ísleifur Jónsson	Reykjavík Excursions	Wise
Eirvík	Íslensk getspá	S. Guðjónsson	Þekking
Epal	Johan Rönning	S4S	Öryggismiðstöð Íslands
Ernst & Young	Jónsson & Lemacks	Samhjálp	
Expectus	Katla matvælaíðja	Securitas	

SIGURVEGARAR – STÓR FYRIRTÆKI

DK HUGBÚNAÐUR

dk hugbúnaður fékk 4,57 í heildareinkunn sem er umtalsvert herra en meðaleinkunn í þessum stærðarflokki sem var tæplega 4,14. Fyrirtækið var með einkunnina 4,34 á síðasta ári. Hækkunin liggur meðal annars í þættinum vinnuskilyrði sem fór úr 3,77 á síðasta ári í 4,61 sem er hæsta einkunn stærri fyrirtækja fyrir þáttinn. Þá er dk hugbúnaður hæst stærri fyrirtækja fyrir lykilþættina sveigjanleiki vinnu og ánægja og stolt. Einkunn fyrir stjórnun hækkar úr 4,32 í 4,54 og einkunn fyrir launakjör úr 4,15 í 4,39. dk hugbúnaður er eina fyrirtækið í hópi stærri fyrirtækja sem fær yfir fjóra fyrir launakjör - reyndar er engin einkunn undir fjórum hjá dk hugbúnaði.

JOHAN RÖNNING

Johan Rønning fær slétta 4,5 í heildareinkunn í ár og lækkar eilítið á milli ára, var með um 4,56 á síðasta ári en hæsta mögulega einkunn er fimm. Meðaltal stærri fyrirtækja er tæplega 4,14. Rønning hefur lengi verið ofarlega á lista í könnun VR á Fyrirtæki ársins og nokkrum sinnum fengið hæstu einkunn fyrirtækja í sínum stærðarflokki. Hæstu einkunnir Rønning í ár eru fyrir þættina ímynd fyrirtækis og jafnrétti, 4,76 fyrir hvorn þátt, en hæstu einkunnir fyrirtækisins í fyrra voru einnig fyrir þessa tvo þætti. Lægsta einkunn er fyrir þáttinn launakjör, 3,92, sem er engu að síður mun herra en meðaltal stærri fyrirtækja fyrir þáttinn sem er 3,22.

NORDIC VISITOR

Nordic Visitor fær rúmlega 4,41 í heildareinkunn samanborið við tæplega 4,14 sem er meðaltal stærri fyrirtækja í ár. Á síðasta ári var heildareinkunn Nordic Visitor 4,47 og lækkar því aðeins milli ára. Hæsta mögulega einkunn, bæði heildareinkunn og fyrir lykilþættina, er fimm. Hæsta einkunn Nordic Visitor er fyrir þáttinn ímynd fyrirtækis, 4,85 sem er aðeins herra en í fyrra, og er þetta jafnframt hæsta einkunnin fyrir þennan þátt meðal stærri fyrirtækja. Einkunn fyrir sveigjanleika í vinnu hækkar einnig aðeins en einkunnir fyrir aðra lykilþætti lækka lítillega frá árinu 2017. Mesta lækkunin er hvað launakjör varðar, í fyrra fékk Nordic Visitor 3,21 fyrir launakjör en 2,95 í ár.

PIPAR / TBWA

Pipar / TBWA fær tæplega 4,41 í heildareinkunn af fimm mögulegum en meðaleinkunn stærri fyrirtækja var tæplega 4,14. Heildareinkunn fyrirtækisins er nánast óbreytt frá fyrra ári. Pipar / TBWA fær hæstu einkunn stærri fyrirtækja fyrir þáttinn jafnrétti, 4,79 en meðaltal fyrirtækjanna í þessum stærðarflokki fyrir jafnrétti er 4,34. Pipar hækkar sig á milli ára hvað varðar ímynd fyrirtækisins – fer úr einkunninni 4,25 í 4,44. Þá hækkar einkunn fyrir þáttinn ánægja og stolt af fyrirtæki, fer úr 4,36 í 4,47. Launakjör fá lægstu einkunn, eins og hjá flestum fyrirtækjum, 3,57, sem er engu að síður mun herra en meðaltalið, 3,22.



SJÓVÁ

Sjóvá er með tæplega 4,44 í heildareinkunn í ár og hækkar sig umtalsvert frá árinu 2017 en þá var einkunn fyrirtækisins um 4,29. Meðaleinkunn í þessum stærðarflokki er tæplega 4,14 en hæsta mögulega einkunn er fimm, bæði fyrir heildarstöðu fyrirtækja og lykilþættina. Allar einkunnir fyrir lykilþætti hækka milli ára, þátturinn ímynd fyrirtækis þó mest eða úr 3,82 í fyrra í 4,11 í ár. Sjóvá fær hæstu einkunn stórra fyrirtækja fyrir lykilþáttinn stjórnun, 4,57 sem hækkar milli ára en einkunn fyrirtækisins fyrir stjórnun í fyrra var 4,45. Einkunn fyrir launakjör hækkar einnig töluvert, úr 3,33 í 3,56 en þessi einkunn er jafnframt lægsta einkunn fyrirtækisins. Þá hækkar einkunn fyrir jafnrétti úr 4,58 árið 2017 í 4,76 í ár.

Hæsta einkunn sem fyrirtæki getur fengið í könnun VR á Fyrirtæki ársins er 5 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir lykilþættina níu. Þessir lykilþættir eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt af fyrirtæki og jafnrétti.

SIGURVEGARAR – MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

ÁLTAK

Áltak fær 4,78 í heildareinkunn í ár sem er umtalsvert hærra en meðaltal í þessum stærðarflokki fyrirtækja sem er 4,2. Áltak færist milli flokka, var í fyrra í hópi lítilla fyrirtækja en er núna í hópi meðalstórra fyrirtækja þar sem starfsmenn eru 20 til 49 talsins. Í fyrra var heildareinkunn fyrirtækisins 4,66 og hækkar fyrirtækið því nokkuð milli ára. Áltak er hæst í sínum stærðarflokki í þremur af níu lykilþáttum, fær 4,92 fyrir starfsanda og sveigjanleika í vinnu og 4,84 fyrir vinnuskilyrði. Einkunnin fyrir starfsanda hækkar mikið, var 4,64 í fyrra. Lægsta einkunn Áltaks er fyrir launakjör, 4,26 sem er þó mun hærra en meðaltalið í þessum stærðarflokki sem er 3,47.

CYREN

Cyren fær 4,66 í heildareinkunn í ár en fékk 4,39 í fyrra og hækkar sig því nokkuð á milli ára. Meðaltalið í stærðarflokknum er 4,2 en hæsta mögulega einkunn er fimm. Nánast allar einkunnir fyrirtækisins hækka milli ára, sumar mikið. Einkunn fyrir stjórnun fer úr 4,31 í fyrra í 4,72 í ár. Einkunn fyrir launakjör hækkar úr 3,87 í 4,12 og einkunn fyrir jafnrétti hækkar úr 4,25 í 4,79. Hæsta einkunn Cyren er fyrir starfsandann, 4,84 en meðaltal meðalstórra fyrirtækja er 4,39. Lægsta einkunn Cyren, eins og flestra annarra fyrirtækja er fyrir þáttinn launakjör, 4,12 sem er þó umtalsvert hærri einkunn en meðaltal fyrirtækja í stærðarflokknum fyrir þennan þátt en það er 3,47.

EXPECTUS

Heildareinkunn Expectus í ár er um 4,67 en meðaltal fyrirtækjanna í þessum flokki er 4,2. Einkunn fyrirtækisins hefur lítið breyst á milli ára, var 4,65 í fyrra. Engu að síður eru breytingar á einkunnum fyrir nokkra lykilþætti, þrír þeirra hækka umtalsvert á meðan aðrir lækka nokkuð. Til að mynda hækkar einkunn fyrir launakjör úr 3,85 í slétta fjóra og einkunn fyrir vinnuskilyrði hækkar meira, úr 4,55 í 4,77 í ár. Expectus hækkar sig einnig fyrir þáttinn jafnrétti, fékk 4,57 í fyrra en fær núna 4,7. Einkunn fyrir sjálfstæði í starfi lækkar úr 4,84 í 4,63 og einkunn fyrir starfanda lækkar úr 4,87 í 4,81, sem er engu að síður hæsta einkunn fyrirtækisins og vel yfir meðaltalinu sem er 4,39.

FULLTINGI

Fulltingi fær 4,69 í heildareinkunn í ár samanborið við 4,65 í fyrra. Til samanburðar er meðaleinkunn fyrirtækja í stærðarflokknum 4,2 í ár. Þó heildareinkunn breytist lítið milli ára er nokkuð um breytingar á einkunnum lykilþátta. Einkunn fyrir þáttinn stjórnun hækkar úr 4,8 í 4,91 sem er jafnframt hæsta einkunn meðalstórra fyrirtækja fyrir þennan þátt. Fulltingi er einnig hæst fyrirtækja í flokknum þegar kemur að þættinum ánægja og stolt af fyrirtæki, fær 4,9 í einkunn og hækkar sig frá fyrra ári þegar einkunnen var 4,7. Lægsta einkunn Fulltingis er fyrir launakjör, 3,8 sem er nánast óbreytt frá fyrra ári en meðaltal fyrirtækja í þessum stærðarflokki er 3,47 í ár.



MARGT SMÁTT

Margt smátt fær 4,79 í heildareinkunn í ár og hækkar sig mikið frá því á síðasta ári þegar einkunn fyrirtækisins var tæplega 4,61. Margt smátt er hæst fyrirtækja í sínum stærðarflokki í fjórum lykilþáttum; launakjör, þar sem einkunnin er 4,43; sjálfstæði í starfi þar sem einkunn fyrirtækisins er 4,98 sem er umtalsvert hærra en meðaltalið sem er 4,35; ímynd fyrirtækis en þar fær Margt smátt 4,92 samanborið við meðaltal upp á 4,27; og jafnrétti þar sem fyrirtækið fær langhæstu einkunnina í sínum stærðarflokki, 4,97 og hækkar sig mikið frá fyrra ári þegar einkunn fyrir jafnrétti var 4,6. Hæsta einkunn fyrirtækisins í ár er fyrir sjálfstæði í starfi, 4,98, en sú lægsta er hins vegar fyrir launakjörin.

Hæsta einkunn sem fyrirtæki getur fengið í könnun VR á Fyrirtæki ársins er 5 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir lykilþættina níu. Þessir lykilþættir eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt af fyrirtæki og jafnrétti.

SIGURVEGARAR – LÍTIL FYRIRTÆKI

ATTENTUS – MANNAUÐUR OG RÁÐGJÖF

Heildareinkunn Attentus í ár er 4,8 en meðaleinkunn lítilla fyrirtækja er rúmlega 4,29. Hæsta mögulega einkunn er fimm, hvort sem er fyrir heildina eða staka lykilkætti. Einkunn Attentus er nánast óbreytt frá fyrra ári. Fyrirtækið fær fullt hús stiga fyrir þáttinn ímynd fyrirtækis og fékk einnig fimm stig fyrir þennan þátt í fyrra. Einkunnir fyrir fjóra þætti hækka milli ára, einna mest fyrir sjálfstæði í starfi en þar hækka einkunnin úr 4,58 í fyrra í 4,78 í ár. Einkunn fyrir launakjör hækka einnig nokkuð, fer úr 4,22 í fyrra í 4,37 í ár.

BEIERSDORF

Beiersdorf fær 4,89 í heildareinkunn í ár en fékk 4,86 á síðasta ári og breyting á milli ára því lítil. Meðaleinkunn fyrirtækja í hópi lítilla fyrirtækja er 4,29. Beiersdorf fær fimm eða fullt hús stiga fyrir þáttinn ímynd fyrirtækis en fékk

4,93 fyrir þann þátt í fyrra. Einkunn fyrir launakjör hækka mikið á milli ára, var 4,38 á síðasta ári en er 4,58 í ár. Meðaltal fyrirtækja í þessum stærðarflokki er hins vegar 3,66. Einkunnir fyrir sex af níu lykilkættum eru 4,9 eða herra; stjórnun, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, ímynd fyrirtækis, jafnrétti og ánægja og stolt af fyrirtæki.

EIRVÍK

Eirvík fær rúmlega 4,78 í heildareinkunn í ár en fékk 4,83 á síðasta ári. Meðaleinkunn í þessum stærðarflokki er rúmlega 4,29 í ár. Tveir lykilkættir fá einkunn 4,9 eða herra, starfsandi og ánægja og stolt af fyrirtæki. Einkunnir fyrir stjórnun og ánægju og stolt af fyrirtæki hækka á milli ára en aðrar einkunnir lækka. Einkunn fyrir launakjör lækka mest, hún var 4,48 á síðasta ári en er núna 4,26 sem er engu að síður töluvert herra en meðaltalið í þessum stærðarflokki sem er 3,66.

MICROSOFT ÍSLAND

Heildareinkunn Microsoft Ísland í ár er tæplega 4,98 og hækka mikið frá því í fyrra þegar einkunnin var 4,79. Til samanburðar má nefna að meðaltal lítilla fyrirtækja er rúmlega 4,29. Allar einkunnir hækka á milli ára og fær fyrirtækið fimm eða hæstu mögulegu einkunn fyrir þrjár lykilkætti; starfsanda, jafnrétti og ánægju og stolt af fyrirtæki. Starfsandi fékk 4,87 í einkunn í fyrra, jafnrétti fékk 4,92 og ánægja og stolt fékk 4,94. Einkunn fyrir launakjör hækka umtalsvert frá 2017, hún var 4,36 á síðasta ári en er 4,96 í ár. Meðaltalið fyrir launakjör í stærðarflokknum er 3,66 þannig að einkunn Microsoft Ísland er mjög há.

RAFPORT

Rafport fær 4,88 í einkunn í ár en meðaltal allra fyrirtækja í hópi lítilla fyrirtækja er rúmlega 4,29. Rafport fékk hæstu mögulegu einkunn í fyrra, 5,0, sem þýðir að einkunn allra lykilkætta var fimm á síðasta ári. Í ár fær fyrirtækið fimm í einkunn fyrir þrjá þætti, starfsanda, sjálfstæði í starfi og ánægju og stolt af fyrirtæki. Launakjör lækka mest á milli ára en einkunn fyrir þáttinn er nú 4,54. Meðaltalið í stærðarflokki lítilla fyrirtækja fyrir launakjör er hins vegar umtalsvert lægra, eða 3,66.

Hæsta einkunn sem fyrirtæki getur fengið í könnun VR á Fyrirtæki ársins er 5 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir lykilkættina níu. Þessir lykilkættir eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt af fyrirtæki og jafnrétti.





ÞETTA ERU FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI!

Fyrirtækin sem eru í fimmtán efstu sætunum í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2018 eru til fyrirmyndar og ástæða til að vekja sérstaka athygli á frammistöðu þeirra. Þetta eru fyrirtækin sem fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki 2018. Innan þeirra raða eru þau fimm fyrirtæki sem eru valin Fyrirtæki ársins á hverjum lista fyrir sig auk fyrirtækjanna í næstu tíu sætum fyrir neðan. Mörg þessara fyrirtækja eru ofarlega á lista á hverju ári, hvernig sem staðan er og hvort sem árar vel eða illa. Það ber vott um styrka og skilvirka mannauðsstjórnun. Við óskum fyrirtækjunum innilega til hamingju. Hér má sjá lista yfir Fyrirmyndarfyrirtæki 2018 í hverjum stærðarflokki fyrir sig, í stafrófsröð.

FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – STÓR

Ásbjörn Ólafsson
Bílaumboðið Askja
BL
dk hugbúnaður
Icepharma
Ikea
Johan Rönning
Miðlun
Nordic Visitor
Nova
Opin kerfi
Pipar / TBWA
S4S
Sjóvá
Tempo Software

FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – MEÐALSTÓR

Áltak
Controlant
Cyren
Expectus
Fulltingi
Heilsa
Hringdu
Hugsmiðjan
Íslensk getsþá
Libra
Margt smátt
Rekstrarfélag Kringlunnar
Tengi
TRS
Virk

FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – LÍTIL

Artasan
Attentus
Beiersdorf
Birthingahúsið
Bókhald og uppgjör
Egill Árnason
Eirvík
Globus
Microsoft Ísland
Netorka
Rafport
S. Guðjónsson
Sportís
Vaðvík
Verslunartækni

FYRIRTÆKI ÁRSINS – STÓR FYRIRTÆKI

DK HUGBÚNAÐUR
JOHAN RÖNNING
NORDIC VISITOR
PIPAR / TBWA
SJÓVÁ

STÓR
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,137	4,16	4,36	3,22	4,01	4,43	4,28	4,18	4,22	4,34	
1912 *	4,151	4,04	4,28	3,31	4,01	4,42	4,39	4,28	4,27	4,42	50-59%
66° Norður *	4,095	4,14	4,23	3,28	3,77	4,26	4,30	4,37	4,28	4,21	35-49%
A4/Egilsson *	4,258	4,43	4,43	3,42	3,91	4,24	4,34	4,45	4,39	4,57	35-49%
Actavis	3,586	3,88	4,31	2,20	3,82	4,47	3,88	2,47	2,73	4,33	35-49%
Advania	4,317	4,36	4,56	3,51	4,25	4,63	4,33	4,29	4,39	4,48	35-49%
Annata *	4,118	4,16	4,40	3,48	4,30	4,63	4,04	3,80	3,96	4,26	60-69%
Ásbjörn Ólafsson *	4,349	4,42	4,49	3,36	4,15	4,59	4,46	4,58	4,54	4,51	70-79%
Bílaleiga Flugleiða (Hertz) *	3,930	3,92	4,00	3,00	3,73	4,45	4,28	4,07	3,94	4,09	35-49%
Bílaumboðið Askja *	4,288	4,37	4,42	3,63	3,86	4,43	4,32	4,40	4,45	4,66	60-69%
BL *	4,297	4,28	4,39	3,70	4,10	4,45	4,29	4,31	4,47	4,65	60-69%
Brimborg	3,958	3,78	4,26	3,53	3,62	4,21	4,14	4,00	4,03	4,16	35-49%
CCP *	4,100	3,95	4,34	3,65	4,17	4,49	4,18	3,63	3,88	4,66	60-69%
Centerhotels *	4,162	4,17	4,19	3,33	4,03	4,19	4,40	4,26	4,25	4,61	35-49%
Deloitte *	4,140	4,16	4,31	3,17	4,08	4,31	4,16	4,34	4,20	4,45	70-79%
Distica *	4,039	4,05	4,09	2,85	4,19	4,28	4,32	4,09	4,02	4,42	70-79%
dk hugbúnaður *	4,571	4,54	4,67	4,39	4,61	4,77	4,45	4,48	4,76	4,48	80-100%
Eimskip	4,011	4,13	4,27	2,86	3,90	4,31	4,27	4,10	4,13	4,06	35-49%
Ernst & Young *	4,160	4,10	4,37	3,26	4,12	4,36	4,17	4,27	4,13	4,62	80-100%
Fastus *	4,218	4,12	4,34	3,60	3,72	4,52	4,32	4,50	4,43	4,51	80-100%
Félagsstofnun stúdenta *	4,194	4,40	4,38	3,21	3,79	4,31	4,41	4,33	4,40	4,42	35-49%
Fjárvakur	3,777	3,98	4,18	2,19	3,78	4,20	4,15	4,08	3,87	3,49	50-59%
Garri *	4,063	3,79	4,07	2,94	4,45	4,40	4,23	4,61	4,28	3,91	35-49%
Guðmundur Jónasson	3,964	3,81	4,09	2,87	3,73	4,40	4,51	4,27	3,90	4,26	35-49%
Hekla *	3,990	3,95	4,18	3,32	3,95	4,39	4,29	3,68	4,02	4,17	50-59%
Höldur *	4,154	4,15	4,30	3,04	4,21	4,48	4,21	4,37	4,33	4,25	35-49%
Iceland Travel	3,788	3,83	4,31	2,14	3,67	4,28	4,10	4,19	3,86	3,68	35-49%
Icelandair	3,391	3,29	3,79	1,97	3,31	4,02	3,58	3,78	3,57	3,28	35-49%
Icelandair Cargo *	4,130	4,26	4,30	2,87	3,99	4,36	4,37	4,19	4,48	4,27	50-59%
Icepharma *	4,276	4,25	4,49	3,11	4,36	4,52	4,43	4,49	4,41	4,37	50-59%
IKEA *	4,358	4,31	4,31	3,83	4,22	4,33	4,44	4,59	4,46	4,72	50-59%
Johan Rönnig *	4,500	4,56	4,55	3,92	4,24	4,53	4,53	4,76	4,59	4,76	80-100%
Kjörís	4,272	4,19	4,58	2,94	4,40	4,58	4,43	4,67	4,65	4,00	50-59%
Kortapjónustan *	4,132	4,04	4,41	3,37	4,08	4,65	4,19	3,96	4,19	4,33	80-100%
KPMG *	4,170	4,15	4,34	3,36	4,01	4,30	4,15	4,37	4,26	4,55	60-69%

Hér má sjá lista yfir stöðu fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru að lágmarki 50 talsins. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1 og á það bæði við um heildareinkunn sem og einkunnir fyrir lykilkættina. Stjórnumerking (*) þýðir að fyrirtækið tryggði að allir starfsmenn fengu tækifæri til að taka þátt í könnuninni, óháð stéttarfélagasæðild.

Fyrirtækin eru birt hér í stafrófsröð en á vef VR, www.vr.is, er hægt að raða listanum eftir einkunn fyrirtækja, bæði heildar-einkunn og einkunn fyrir einstaka þætti.

STÓR
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,137	4,16	4,36	3,22	4,01	4,43	4,28	4,18	4,22	4,34	
LS Retail *	4,242	4,17	4,53	3,45	4,36	4,59	4,24	4,24	4,19	4,40	60-69%
Marel	4,128	4,18	4,31	3,11	3,86	4,39	4,14	4,61	4,35	4,17	35-49%
Medis	3,467	3,56	4,09	1,90	3,24	4,41	3,79	2,86	3,03	4,29	50-59%
Miðlun *	4,366	4,51	4,49	3,67	4,18	4,64	4,63	4,26	4,34	4,56	50-59%
Motus *	3,856	3,90	4,38	2,75	4,05	4,47	4,32	3,26	4,03	3,56	70-79%
Nordic Visitor *	4,413	4,53	4,63	2,95	4,47	4,59	4,44	4,85	4,61	4,49	70-79%
Nova *	4,398	4,50	4,65	3,38	3,98	4,42	4,49	4,73	4,65	4,67	70-79%
Novomatic	3,800	3,78	4,10	2,84	3,97	4,47	3,97	3,31	3,49	4,27	35-49%
Oliuverzlun Íslands *	3,992	4,02	4,18	3,19	3,77	4,16	4,24	3,98	4,04	4,32	35-49%
Opin kerfi *	4,389	4,41	4,67	3,45	4,23	4,62	4,48	4,44	4,52	4,63	70-79%
Origo *	4,267	4,27	4,46	3,43	4,14	4,59	4,30	4,38	4,36	4,45	60-69%
Parlogis *	4,080	4,09	4,23	2,81	3,77	4,49	4,31	4,41	4,09	4,54	60-69%
Pipar/TBWA *	4,406	4,46	4,52	3,57	4,29	4,66	4,38	4,44	4,47	4,79	80-100%
PwC *	4,151	4,22	4,38	3,04	4,04	4,34	4,37	4,24	4,23	4,43	70-79%
Rauði kross Íslands *	4,070	4,18	4,39	2,87	3,65	4,31	4,19	4,32	4,33	4,30	50-59%
Reykjavík Excursions *	3,836	3,76	4,09	2,88	3,66	3,92	4,15	3,83	3,92	4,28	35-49%
S4S *	4,289	4,30	4,51	3,46	3,99	4,32	4,53	4,52	4,46	4,47	50-59%
Securitas *	4,263	4,32	4,43	3,48	4,11	4,15	4,37	4,44	4,41	4,51	35-49%
Síminn	4,179	4,31	4,46	3,56	4,12	4,62	4,30	3,96	4,06	4,19	35-49%
Sjóvá *	4,436	4,57	4,69	3,56	4,29	4,61	4,52	4,11	4,68	4,76	80-100%
Skeljungur *	4,045	4,19	4,37	3,55	3,65	4,37	4,41	3,52	4,09	4,26	50-59%
Sláturfélag Suðurlands *	3,973	4,01	4,10	2,94	3,88	4,35	4,23	4,01	4,07	4,17	35-49%
Tempo Software *	4,325	4,43	4,34	3,86	4,13	4,74	4,45	4,34	4,27	4,41	50-59%
TK bílar	4,351	4,52	4,56	3,48	4,29	4,34	4,41	4,64	4,52	4,26	35-49%
Tryggingamiðstöðin *	4,164	4,34	4,44	3,52	3,79	4,54	4,35	3,79	4,32	4,35	60-69%
TVG Zimsen *	4,199	4,36	4,33	3,27	4,11	4,44	4,44	4,52	4,44	3,84	60-69%
Valka *	4,194	4,13	4,43	3,38	4,04	4,49	4,04	4,51	4,41	4,27	70-79%
Verkís	4,333	4,38	4,72	3,35	4,27	4,60	4,32	4,31	4,48	4,46	35-49%
Vistor *	4,220	4,30	4,48	2,98	4,38	4,41	4,37	4,20	4,37	4,35	80-100%
VÍS *	4,062	4,23	4,32	3,32	3,72	4,45	4,22	3,55	4,19	4,49	60-69%
Vodafone *	4,107	4,22	4,43	2,98	4,02	4,48	4,28	3,77	4,18	4,50	35-49%
Vörður tryggingar *	4,047	4,01	4,24	3,18	3,80	4,31	4,32	3,81	4,16	4,59	70-79%
Wise *	4,264	3,98	4,44	3,58	4,51	4,57	4,19	4,15	4,39	4,60	70-79%
Þekking *	4,143	4,00	4,32	3,47	4,24	4,54	4,12	4,25	4,30	4,11	80-100%
Öryggismiðstöð Íslands *	4,126	4,18	4,31	3,43	3,57	4,35	4,35	4,27	4,33	4,38	35-49%
Össur	4,138	4,18	4,28	3,03	3,78	4,49	4,20	4,70	4,24	4,35	35-49%

FYRIRTÆKI ÁRSINS – MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

ÁLTAK
CYREN
EXPECTUS
FULLTINGI
MARGT SMÁTT

MEÐALSTÓR
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,201	4,22	4,39	3,47	4,11	4,47	4,35	4,27	4,34	4,18	
1819 - Nýr valkostur *	4,343	4,22	4,38	3,97	4,44	4,29	4,56	4,34	4,41	4,50	50-59%
Aðalskoðun	3,874	4,12	4,39	2,50	3,45	4,27	4,04	4,33	3,79	3,86	35-49%
Alþýðusamband Íslands *	4,207	4,44	4,24	3,78	4,38	4,56	4,63	3,31	4,29	4,20	60-69%
Atlantik	3,690	3,76	3,77	2,78	3,89	3,95	3,71	3,81	3,56	3,90	60-69%
Áltak *	4,778	4,79	4,92	4,26	4,84	4,92	4,86	4,89	4,82	4,67	80-100%
Árnason Faktor *	4,298	4,38	4,44	3,55	4,36	4,68	4,42	4,27	4,42	4,17	50-59%
Birta lífeyrissjóður *	3,965	4,08	4,12	3,47	4,03	4,43	4,15	3,02	4,15	4,21	80-100%
Capacent	4,295	4,45	4,57	3,94	3,84	4,40	4,50	4,44	4,17	4,32	35-49%
Controlant *	4,497	4,62	4,65	3,71	4,16	4,70	4,62	4,73	4,79	4,46	80-100%
Cyren *	4,655	4,72	4,84	4,12	4,59	4,69	4,59	4,70	4,74	4,79	80-100%
Epal *	4,243	4,20	4,47	3,71	3,95	4,31	4,21	4,45	4,30	4,55	35-49%
Expectus *	4,673	4,78	4,81	4,00	4,77	4,72	4,63	4,80	4,72	4,70	80-100%
Fálkinn	4,236	4,27	3,67	3,99	4,39	4,69	4,36	4,43	4,50	4,03	50-59%
Ferðakompaníð	3,803	3,64	4,05	3,06	3,25	4,49	4,00	4,34	3,80	3,83	50-59%
Ferðapjónusta bænda	4,023	3,80	4,06	3,39	4,21	4,40	4,27	4,50	3,91	3,85	50-59%
Feria (Vita og ferd.is)	3,813	3,92	4,14	2,39	3,42	4,05	4,21	4,33	4,19	3,64	35-49%
Festi	3,883	3,88	3,97	3,08	3,82	4,01	4,00	4,11	3,77	4,24	80-100%
Forlagið	4,043	4,13	4,52	2,95	3,47	4,49	4,27	4,26	4,25	4,04	35-49%
Fulltingi *	4,689	4,91	4,84	3,80	4,81	4,72	4,60	4,84	4,90	4,57	70-79%
Gildi lífeyrissjóður *	4,296	4,43	4,43	3,88	4,44	4,57	4,47	3,48	4,50	4,41	60-69%
Grant Thornton endurskoðun	4,045	4,07	4,54	2,90	4,27	4,33	3,94	4,29	4,06	3,86	35-49%
Halldór Jónsson *	4,368	4,35	4,43	3,47	4,42	4,78	4,46	4,55	4,64	4,25	80-100%
Harpa *	3,837	3,82	3,89	2,84	3,76	4,06	4,06	3,89	4,09	4,11	35-49%
Háskólinn Bifröst *	4,048	4,39	4,19	2,87	3,74	4,46	4,54	3,71	4,35	4,13	60-69%
Heilsa *	4,432	4,59	4,47	3,64	4,14	4,72	4,41	4,47	4,73	4,65	80-100%
Heimilistæki	3,615	3,45	3,92	3,05	3,18	4,11	3,90	4,06	3,86	3,22	35-49%
Heimsferðir	4,021	4,14	4,25	2,98	4,03	4,27	4,38	3,78	4,22	4,08	50-59%
Hreyfill svf.	3,646	3,56	3,62	2,87	4,05	3,96	4,14	4,06	3,85	2,85	80-100%
Hringdu *	4,477	4,57	4,76	3,40	4,68	4,57	4,65	4,55	4,70	4,28	70-79%
Hugsmiðjan *	4,563	4,55	4,73	4,13	4,44	4,82	4,41	4,55	4,70	4,71	80-100%
Hugvít	4,185	3,89	4,63	3,54	3,79	4,73	4,22	4,24	4,23	4,54	50-59%
Hvíta húsið *	4,408	4,31	4,58	3,78	4,26	4,60	4,34	4,56	4,57	4,68	80-100%
Iceland Pro Travel *	4,368	4,38	4,63	3,27	4,31	4,37	4,45	4,61	4,48	4,67	60-69%
ÍÐAN - fræðslusetur *	3,980	3,91	4,22	2,45	4,11	4,42	4,36	4,23	4,24	3,91	80-100%

Hér má sjá lista yfir stöðu fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru 20 til 49 talsins. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1 og á það bæði við um heildareinkunn sem og einkunnir fyrir lykilþættina. Stjórnumerking (*) þýðir að fyrirtækið tryggði að allir starfsmenn fengu tækifæri til að taka þátt í könnuninni, óháð stéttarfélagsaðild.

Fyrirtækin eru birt hér í stafrófsröð en á vef VR, www.vr.is, er hægt að raða listanum eftir einkunn fyrirtækja, bæði heildar-einkunn og einkunn fyrir einstaka þætti.

MEÐALSTÓR
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,201	4,22	4,39	3,47	4,11	4,47	4,35	4,27	4,34	4,18	
Inkasso	4,326	4,36	4,39	3,90	4,66	4,77	4,40	4,07	4,40	4,03	35-49%
Ísaga *	4,120	4,22	4,43	3,50	3,91	4,51	4,25	3,71	4,29	4,23	70-79%
Ísleifur Jónsson *	3,771	3,44	4,09	3,16	3,71	4,49	4,03	3,83	4,05	3,42	50-59%
Íslensk getspá *	4,619	4,63	4,79	4,01	4,67	4,45	4,78	4,82	4,82	4,51	70-79%
Jónar Transport	4,045	4,22	4,27	3,17	3,91	4,58	4,14	4,38	4,21	3,56	35-49%
Jónsson & Lemacks *	3,829	3,54	4,05	3,69	3,50	4,64	4,02	4,13	3,73	3,54	35-49%
Jötunn Vélar	4,089	4,25	4,50	3,56	3,88	4,60	4,04	4,14	4,25	3,56	70-79%
Katla matvælaíðja *	3,580	3,14	3,67	3,08	3,61	4,13	4,11	3,70	3,35	3,79	50-59%
Knattspyrnusamband Íslands	4,168	4,08	4,64	2,97	4,30	4,18	4,45	3,61	4,36	4,75	50-59%
Kraftvélar *	4,048	4,12	4,17	3,80	3,80	4,48	4,05	3,93	4,38	3,76	70-79%
Libra *	4,528	4,57	4,66	3,89	4,35	4,82	4,53	4,48	4,70	4,73	80-100%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna *	4,343	4,52	4,43	3,76	4,66	4,54	4,58	3,54	4,58	4,37	70-79%
Lögheimtan *	3,997	3,84	4,44	2,74	4,30	4,62	4,38	3,44	3,90	4,35	35-49%
Margt smátt *	4,789	4,86	4,79	4,43	4,54	4,78	4,98	4,92	4,81	4,97	35-49%
Medor *	4,156	4,37	4,51	3,21	3,80	4,29	4,52	3,93	4,26	4,38	80-100%
Miracle	4,479	4,51	4,81	3,87	4,46	4,54	4,39	4,86	4,64	4,14	60-69%
Myndform	4,386	4,49	4,67	3,67	4,55	4,68	4,56	4,54	4,53	3,75	50-59%
Northern Light á Íslandi ehf. *	4,288	4,17	4,32	3,50	4,45	4,48	4,27	4,48	4,43	4,48	70-79%
Nox medical	4,620	4,74	4,85	4,10	4,57	4,67	4,59	4,88	4,83	4,24	35-49%
Poulsen	4,066	4,02	4,17	3,29	3,83	4,15	4,21	4,31	4,13	4,47	50-59%
Rammagerðin *	4,002	4,01	4,36	3,39	3,89	3,64	4,19	4,15	4,00	4,21	35-49%
Rekstrarfélag Kringlunnar *	4,570	4,69	4,69	4,01	4,29	4,53	4,63	4,73	4,74	4,74	35-49%
Reykjafell	3,996	3,93	4,22	3,04	3,77	4,64	4,19	4,41	4,19	3,73	50-59%
Saga Film	4,142	4,37	4,53	2,97	4,11	4,30	4,35	3,50	4,43	4,48	35-49%
Samhentir Kassagerð	3,445	3,31	3,33	2,95	3,08	4,07	3,47	4,05	3,61	3,39	50-59%
Samhjálp *	4,390	4,61	4,86	3,19	4,35	4,55	4,50	4,15	4,63	4,44	50-59%
Sjónlag *	3,980	3,75	4,26	3,28	3,98	4,10	4,09	4,37	4,07	3,97	60-69%
Smith & Norland	4,043	3,89	4,38	3,87	3,55	4,57	4,43	4,33	4,00	3,65	35-49%
Special Tours	4,381	4,43	4,39	3,39	4,36	4,30	4,46	4,72	4,88	4,39	35-49%
Stoð stoðtækjasmíði *	4,327	4,34	4,40	3,74	3,91	4,52	4,50	4,67	4,72	4,21	50-59%
Tandur *	4,352	4,38	4,43	3,90	4,15	4,41	4,49	4,75	4,41	4,27	60-69%
Tengi *	4,596	4,66	4,74	4,15	4,42	4,65	4,69	4,79	4,72	4,53	80-100%
Terma	4,451	4,32	4,37	3,78	4,47	4,76	4,38	4,73	4,68	4,64	35-49%
Terra Nova Sól *	4,068	4,07	4,37	2,69	3,57	4,57	4,44	4,35	4,21	4,38	70-79%
Toyota á Íslandi	4,574	4,75	4,82	3,29	4,64	4,86	4,83	4,87	4,70	4,31	50-59%
Trackwell-Stefja	4,262	4,28	4,56	3,60	4,14	4,56	4,20	4,47	4,50	4,03	35-49%
TRS *	4,426	4,45	4,51	3,91	4,45	4,50	4,34	4,47	4,58	4,55	80-100%
Tölvulistinn	3,720	3,44	4,22	2,97	3,38	4,04	4,21	3,75	3,94	3,69	35-49%
Vaki fiskeldiskerfi *	4,078	4,10	4,38	3,46	3,75	4,62	4,06	4,36	4,21	3,84	35-49%
VB landbúnaður *	4,212	4,29	3,95	3,85	4,23	4,55	4,52	3,75	4,48	4,39	80-100%
Veritas Capital *	4,294	4,10	4,53	3,28	4,60	4,49	4,39	4,31	4,34	4,57	80-100%
VIRK *	4,442	4,53	4,55	3,78	4,57	4,63	4,52	4,54	4,65	4,16	70-79%
Virtus	3,943	3,93	4,19	3,33	4,18	4,53	4,00	3,92	3,86	3,62	60-69%
VSB verkfræðistofa *	4,314	4,39	4,46	3,80	4,34	4,58	4,42	4,29	4,38	4,15	80-100%
Wedo - Heimkaup *	4,298	4,48	4,64	3,63	3,59	4,46	4,55	4,35	4,55	4,37	35-49%

FYRIRTÆKI ÁRSINS – LÍTIL FYRIRTÆKI

ATTENTUS - MANNAUÐUR OG RÁÐGJÖF
BEIERSDORF
EIRVÍK
MICROSOFT ÍSLAND
RAFPORT

LÍTIL
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,294	4,29	4,42	3,66	4,19	4,56	4,47	4,49	4,38	4,22	
Activity Stream *	4,144	4,52	4,29	3,73	3,85	4,52	4,02	3,84	3,88	4,51	60-69%
Ad travel	4,339	4,55	4,73	3,08	4,17	4,28	4,30	4,58	4,40	4,67	35-49%
Allianz á Íslandi *	4,252	4,21	4,33	3,14	4,32	4,57	4,55	4,52	4,27	4,39	70-79%
Artasan *	4,693	4,78	4,64	4,13	4,60	4,90	4,79	4,72	4,79	4,87	80-100%
Atlantísolía	4,320	4,42	4,06	3,78	4,31	4,73	4,67	4,56	4,54	3,98	50-59%
Attentus - mannaúður og ráðgjöf *	4,794	4,89	4,90	4,37	4,86	4,84	4,78	5,00	4,95	4,49	80-100%
Beiersdorf *	4,886	4,92	4,87	4,58	4,94	4,96	4,80	5,00	4,90	4,96	80-100%
Birtingahúsið *	4,522	4,58	4,92	3,40	4,48	4,58	4,69	4,68	4,66	4,56	80-100%
Blindrafélagið	4,273	4,31	4,28	3,49	4,00	4,49	4,67	4,51	4,29	4,47	35-49%
Bókhald og uppgjör *	4,584	4,81	4,74	3,94	4,32	4,71	4,64	4,67	4,69	4,63	80-100%
Bókhald og þjónusta ehf.	4,478	4,64	4,56	3,77	4,14	4,75	4,54	4,53	4,63	4,70	80-100%
Bros auglýsingavörur	4,050	3,98	4,13	3,15	4,06	4,56	4,45	4,33	3,90	4,03	50-59%
CP Reykjavík *	3,929	3,98	3,97	3,56	3,99	4,37	4,27	3,94	3,91	3,51	60-69%
Danfoss	4,032	4,08	4,27	2,08	4,00	4,60	4,50	4,67	4,20	3,92	60-69%
DB Schenker	3,700	3,31	4,00	3,50	3,08	4,40	3,79	4,06	3,68	3,83	60-69%
Dynjandi	4,026	3,75	4,17	3,68	4,50	4,57	4,07	4,28	3,83	3,58	60-69%
Egill Árnason *	4,654	4,76	4,68	4,28	4,45	4,63	4,68	4,88	4,82	4,63	60-69%
Eignarhaldsfélagið Hornsteinn	3,944	3,56	4,33	3,64	4,16	4,54	3,89	4,44	4,20	2,97	50-59%
Eignaumsjón	4,312	4,25	4,54	3,57	4,18	4,73	4,61	4,38	4,57	4,07	60-69%
Eirvík *	4,783	4,87	4,90	4,26	4,66	4,84	4,83	4,81	4,94	4,88	80-100%
Eskimos	3,553	3,14	4,29	2,95	3,04	4,23	3,64	4,14	3,18	3,62	35-49%
Fjárstoð *	4,223	4,21	4,38	3,39	4,43	4,42	4,25	4,32	4,21	4,34	80-100%
Fossberg	4,647	4,68	4,78	4,06	4,81	4,67	4,75	4,83	4,83	4,35	35-49%
Frakt *	3,756	3,36	3,73	2,80	3,97	4,00	4,35	4,13	3,75	3,93	50-59%
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins *	4,008	4,13	4,18	3,31	3,58	4,38	4,22	3,96	4,25	4,09	80-100%
Gaman ferðir	4,507	4,41	4,57	3,67	4,67	4,64	4,54	4,67	4,61	4,74	60-69%
Ger innflutningur	3,730	3,56	4,13	3,37	4,09	3,90	4,31	3,68	3,47	3,18	35-49%
Globus *	4,634	4,82	4,94	3,84	4,15	4,67	4,75	5,00	5,00	4,43	70-79%
Go North *	3,781	3,55	4,00	3,53	3,20	4,71	3,64	3,96	3,38	4,36	70-79%
Happdrætti Háskóla Íslands *	4,270	4,33	4,33	3,07	4,38	4,60	4,62	4,07	4,42	4,57	80-100%
Harðviðarval *	4,343	4,32	4,53	3,87	4,46	4,12	4,80	4,40	4,30	4,25	70-79%
Íðnmennt/Íðnú *	3,937	4,14	3,43	3,32	4,00	4,40	4,18	4,10	3,93	4,03	70-79%
Kilroy Iceland *	4,381	4,58	4,78	3,83	4,29	4,33	4,38	4,08	4,56	4,39	80-100%
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	3,488	3,15	3,53	2,58	3,75	4,28	4,25	3,78	3,81	2,67	80-100%

Hér má sjá lista yfir stöðu fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru færri en 20 talsins. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1 og á það bæði við um heildareinkunn sem og einkunnir fyrir lykilkættina. Stjórnumerking (*) þýðir að fyrirtækið tryggði að allir starfsmenn fengu tækifæri til að taka þátt í könnuninni, óháð stéttarfélagssaðild.

Fyrirtækin eru birt hér í stafrófsröð en á vef VR, www.vr.is, er hægt að raða listanum eftir einkunn fyrirtækja, bæði heildar-einkunn og einkunn fyrir einstaka þætti.

LÍTIL
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,294	4,29	4,42	3,66	4,19	4,56	4,47	4,49	4,38	4,22	
Ljósið *	4,210	4,06	4,54	3,39	3,75	4,38	4,33	4,83	4,56	4,10	80-100%
Microsoft Ísland *	4,976	4,99	5,00	4,96	4,96	4,93	4,97	4,96	5,00	5,00	80-100%
Netorka *	4,503	4,73	4,39	4,00	4,43	4,80	4,92	4,83	4,46	4,05	80-100%
Omnom	4,172	4,08	4,47	3,25	3,68	4,32	4,30	4,80	4,55	4,13	50-59%
Rafport *	4,883	4,95	5,00	4,54	4,79	4,90	5,00	4,83	5,00	4,89	80-100%
Rekstrarfélag Íslenskrar fjárfestingar	3,838	3,92	4,20	2,93	4,03	4,56	4,00	4,08	4,10	2,80	80-100%
S. Guðjónsson *	4,614	4,68	4,67	4,28	4,32	4,74	4,51	4,82	4,85	4,63	80-100%
Saltkaup	4,507	4,58	4,60	3,87	4,29	4,96	4,80	4,80	4,80	4,00	35-49%
Sportis *	4,734	4,83	4,92	4,13	4,60	4,80	4,80	4,67	4,94	4,83	60-69%
Strikamerki *	3,998	4,04	3,90	3,36	3,96	4,36	4,05	4,33	4,04	4,02	70-79%
Thor Shipping	3,878	3,86	3,67	3,68	3,25	4,46	4,22	4,58	3,80	3,73	50-59%
Vaðvík *	4,617	4,71	4,48	4,61	4,52	4,43	4,73	4,90	4,84	4,34	80-100%
Verslunartækni *	4,717	4,71	4,78	4,36	4,73	4,71	4,77	4,88	4,68	4,80	80-100%
Vogabær *	4,489	4,46	4,74	3,72	4,11	4,76	4,86	4,63	4,72	4,48	60-69%

Fyrirtæki ársins 2018 voru valin í könnun meðal félagsmanna VR og fjölmargra annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Gagnaöflun stóð yfir í febrúar og fram í mars. Könnunin var send til allra félagsmanna VR sem voru greiðandi til félagsins þegar hún var gerð. Fyrirtæki gátu einnig boðið öðrum starfsmönnum en VR-félögum að taka þátt, óháð stéttarfélagasíð, og greiddu þá fyrir þátttöku þeirra. Á listanum eru 130 fyrirtæki sem tryggja öllum starfsmönnum þátttökurétt. Þessi fyrirtæki eru merkt með* í listunum. Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna.

Alls fengu tæplega 34 þúsund starfsmenn á almennum vinnumarkaði sendan spurningalista og svöruðu tæplega 13 þúsund. Fjöldi svara sem voru á endanum notuð voru um 12.500. Markmið könnunarinnar er að kanna aðbúnað og líðan starfsmanna, viðhorf þeirra til stjórnenda og hvernig samskiptum er háttað svo fátt eitt sé nefnt.

Niðurstöðurnar, ásamt niðurstöðum í launakönnun VR, veita félaginu mikilvægar upplýsingar um stöðuna á vinnumarkaði á hverjum tíma og hvað brennur helst á félagsmönnum. Könnunin gefur starfsmönnum líka færi á að tjá sig um eigin stöðu og kjör og síðast en ekki síst eru niðurstöðurnar mælikvarði fyrir stjórnendur á stöðu fyrirtækisins.

FIMMTÁN FYRIRTÆKI ÁRSINS

Spurningum í könnuninni er skipt í níu lykilþætti; stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, sjálfsæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægju og stolt af fyrirtækinu og jafnrétti. Fyrirtæki fá einkunn

frá einum upp í fimm fyrir hvern lykilþátt en þær einkunnir mynda heildareinkunn sem einnig er á bilinu einn til fimm. Vægi þáttanna í heildareinkunn er misjafnt, stjórnun vegur þar þyngst. Fimm efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki eru Fyrirtæki ársins og fimmtán efstu eru Fyrirmyndarfyrirtæki, en eingöngu fyrirtæki sem tryggja öllum starfsmönnum þátttökurétt eru með í valinu.

KRÖFUR UM LÁGMARKSSVÖRUN

Gerð er krafa um 35% svörun hjá fyrirtækjum m.v. fjölda útsendra spurningalista, að öðrum kosti eru niðurstöður ekki birtar. Að auki er gerð krafa um fimm svör að lágmarki frá fyrirtækjum með færri en 20 starfsmenn, sex svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 20–49, tíu svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 50–99, tuttugu svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 100–499 og að lágmarki fimmtíu svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 500 eða fleiri.

Nánari umfjöllun um framkvæmdina og hugmyndafræði könnunarinnar á vef VR, www.vr.is.

EINKUNNIR VR

VR tekur ekki sæti á lista yfir Fyrirtæki ársins en birtir einkunnir félagsins. Hjá VR eru yfir 50 starfsmenn. Heildareinkunn VR árið 2018 var 4,44. Einkunnir fyrir þættina eru: Stjórnun 4,40, starfsandi 4,53, launakjör 3,79, vinnuskilyrði 4,61, sveigjanleiki vinnu 4,63, sjálfsæði í starfi 4,59, ímynd fyrirtækis 4,23, ánægja og stolt 4,56 og jafnrétti 4,58.

Árlega stendur VR fyrir kjöri á *Fyrirtæki ársins*.
Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á
Íslandi liggja nú fyrir.

Stór fyrirtæki

dk hugbúnaður
Johan Rönning
Nordic Visitor
Pipar / TBWA
Sjóvá

Meðalstór fyrirtæki

Áltak
Cyren
Expectus
Fulltingi
Margt smátt

Lítill fyrirtæki

Attentus
Beiersdorf
Eirvík
Microsoft Ísland
Rafport

VR óskar *Fyrirtækjum ársins* til hamingju með frábæran árangur!